

Tillögur til breytinga á skáklögum Skáksambands Íslands

Lagðar fram á aðalfundi Skáksambands Íslands 2026

Breyting á 5. grein – Landsliðsflokkur Skákþings Íslands

Núgildandi upptalning:

- Ungmennameistari Íslands.
- Íslandsmeistari kvenna frá árinu áður.

Lagt til:

- Ungmennameistari Íslands.
- Íslandsmeistari kvenna frá árinu áður.
- Íslandsmeistari öldunga frá árinu áður.

Breyting á 9. grein – Íslandsmót öldunga

Núgildandi texti:

Sigurvegari hlýtur nafnbótina Íslandsmeistari öldunga.

Lagt til:

Sigurvegari hlýtur nafnbótina Íslandsmeistari öldunga og á hann rétt til þátttöku í landsliðsflokki árið eftir.

Greinargerð

Tillaga þessi miðar að því að tryggja Íslandsmeistara öldunga sama þátttökurétt í landsliðsflokki Skákþings Íslands og þegar hefur verið veittur öðrum Íslandsmeisturum, svo sem ungmennameistara Íslands og Íslandsmeistara kvenna. Réttur Íslandsmeistara til að öðlast þátttökurétt í landsliðsflokki á hvorki að vera háður kyni né aldri.

Á undanförunum árum hefur fyrirkomulag þátttökuréttar í landsliðsflokki þróast frá því að byggjast nær eingöngu á styrkleika og alþjóðlegum skákstigum yfir í fjölbreyttari samsetningu þar sem ákveðnir Íslandsmeistarar fá sjálfstæðan þátttökurétt.

Íslandsmót öldunga er opinbert Íslandsmeistaramót á vegum Skáksambands Íslands og telja tillögumenn eðlilegt að sigurvegari þess móti njóti sambærilegrar viðurkenningar og aðrir Íslandsmeistarar innan sambandsins. Þá er einnig bent á að Íslandsmeistari öldunga er oft mjög sterkur skákmaður og gjarnan með hærri alþjóðleg skákstig en þeir keppendur sem þegar hafa tryggðan þátttökurétt samkvæmt sérstökum ákvæðum 5. greinar. Það er ljóst að mikill fjöldi sterkra og stigahárra íslenskra skákmanna er að komast á viskualdurinn, enda eru sterkustu íslensku skákárgangarnir 50 ára og eldri.

Tillagan hefur óveruleg áhrif á framkvæmd mótsins en stuðlar að auknu jafnræði milli Íslandsmeistararitla innan Skáksambands Íslands og styrkir stöðu Íslandsmóts öldunga.

Flutningsmenn:

Kristján Örn Elíasson

Þorsteinn Þorsteinsson